



Reykjavík, 26. júní 2019.
R19010200

Borgarráð

Efni: Viðauki við fjárhagsáætlun 2019

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á fjárfestingaáætlun A-hluta Reykjavíkurborgar.

Stofnkostnaður fasteigna:

1. Fjárfestingarheimild vegna Kjarvalsstaða verði lækkuð um 20 m.kr. og verði með breytingum 0 kr í heild á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára en framkvæmdum hefur verið seinkað.
2. Ráðstafað verði 35 m.kr. til verkefnisins Aðalstræti 10 – aðgengi fyrir alla til viðbótar við þær 35 m.kr. sem eru á fjárfestingaráætlun ársins og verði í heild 70 m.kr. á árinu. Kostnaðaráætlun II nemur 76 m.kr. sem er 36 m.kr. umfram frumkostnaðaráætlun og liggur sá kostnaðarauki aðallega í lyftu milli hæða.
3. Fjárfestingarheimild vegna Ásmundarsafns verði lækkuð um 35 m.kr. og verði með breytingum 0 kr í heild á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára en framkvæmdum hefur verið seinkað.
4. Fjárfestingarheimild vegna Grófarhúss verði lækkuð um 325 m.kr. og verði með breytingum 200 m.kr. í heild á árinu í stað 525 m.kr.. Fyrir liggur að ljúka frágangi viðbyggingar að utan en að framkvæmdum við eldri byggingu verði frestað, er því um tilfærslu fjárheimilda að ræða.
5. Ráðstafað verði 7 m.kr. til búnaðarkaupa fyrir Austurbæjarskóla, Spennistöð sem frístundamiðstöðin Tjörnin og Austurbæjarskóli hafa til sameiginlegrar notkunar. Er það til viðbótar við þær 13 m.kr. sem eru á fjárfestingaráætlun ársins og verði í heild 20 m.kr. á árinu.
6. Ráðstafað verði 20 m.kr. til endurbyggingar skólalóða til viðbótar við þær 200 m.kr. sem eru á fjárfestingaráætlun ársins og verði í heild 220 m.kr. á árinu. Um er að ræða tilfærslu fjárheimilda milli kostnaðarstaða sjá lið 11.
7. Ráðstafað verði 100 m.kr. til gagngerra endurbóta í kjallara Fellaskóla og hann gerður nothæfur sem kennsluhúsnæði. Þannig verði hljóðvist endurbætt, flóttaleiðir og eldvarnir bættar, skipt verði út hurðum, málað og gólfefni endurnýjuð. Er vísað

til greinargerðar SFS um tímabundna lausn húsnæðisvanda Seljaskóla í kjölfar bruna sem verður leyst með flutningi bekkjardeilda í Fellaskóla meðan á viðgerðum stendur í Seljaskóla - R19050108.

8. Ráðstafað verði 100 m.kr. til framkvæmda í Seljaskóla í kjölfar bruna. Fjármagnið verður nýtt til viðgerða og endurbóta sem ekki verður komist hjá að sinna eða nauðsynlegar þykja af hagkvæmniástæðum samhliða þeirri endurgerð sem kostuð er af váttryggingaraðila.
9. Ráðstafað verði 28 m.kr. vegna kostnaðarþátttöku Reykjavíkurborgar í byggingu framhaldsskóla. Þar af eru 24 m.kr. tilkomnar vegna undirbúnings bótakröfu á hendur verktaka vegna viðbyggingar við Menntaskólann við Sund og 4 m.kr. vegna listarverkakaupa til Menntaskólans við Hamrahlíð.
10. Fjárfestingarheimild vegna nýrra grunnskóla verði lækkuð um 40 m.kr. og verði með breytingum 50 m.kr. í heild á árinu í stað 90 m.kr.. Unnið er að undirbúningi samkeppni vegna skóla við Skerjafjörð og í Vogabyggð við Elliðaárvog. Ekki er um nýja kostnaðaráætlun að ræða heldur tilfærslu fjár milli tímabila.
11. Fjárfestingarheimild vegna endurgerðar leikskólalóða verði lækkuð um 20 m.kr. og verði með breytingum 280 m.kr. í heild á árinu í stað 300 m.kr.. Um er að ræða tilfærslu fjárheimilda milli kostnaðarstaða sjá lið 6.
12. Ráðstafað verði 15 m.kr. til framkvæmda í leikskólanum Mánagarði. Leikskólinn er í sameiginlegri eigu Reykjavíkurborgar og Félagsstofnunar stúdenta sem kostað hefur breytingar á húsnæðinu þ.m.t. endurbætur á eldhúsi vegna fjölgunar barna. Um er að ræða 77% hlut Reykjavíkurborgar í framkvæmdinni.
13. Fjárfestingarheimild vegna fræðslu- og starfsmannahúss í Fjölskyldu og húsdýragarði verði lækkuð um 100 m.kr. og verði með breytingum 140 m.kr. í heild á árinu í stað 240 m.kr.. Um er að ræða tilfærslu milli ára en framkvæmdum hefur seinkað og verkefnið enn á undirbúningsstigi.
14. Ráðstafað verði 100 m.kr. til framkvæmda á íþróttasvæði Fylkis. Er það til samræmis við samþykkt 5549. fundar borgarráðs þann 20. júní s.l. – R17070081.
15. Ráðstafað verði 105 m.kr. til framkvæmda á íþróttasvæði Víkings til viðbótar við þær 215 m.kr. sem eru á fjárfestingaráætlun ársins og verði í heild 320 m.kr. á árinu er það til samræmis við samkomulag um uppbyggingu á aðalvelli Víkings við Traðarland 1 – R18040069.
16. Fjárfestingarheimild vegna hverfisbækistöðva að Jafnaseli og við Stórhöfða verði lækkuð um 60 m.kr. og verði með breytingum 5 m.kr. í heild á árinu í stað 65 m.kr.. Unnið er að hönnun fyrirhugaðra breytinga að Stórhöfða en framkvæmdum frestað til ársins 2020.
17. Ráðstafað verði 20 m.kr. til framkvæmda við að Hesthálsi 14 til viðbótar við þær 198 m.kr. sem eru á fjárfestingaráætlun ársins og verði í heild 218 m.kr. á árinu. Um er að ræða kostnaðarauka vegna breytinga innanhúss.

18. Fjárfestingarheimild vegna bílakjallara Vesturbugt verði lækkuð um 35 m.kr. og verði með breytingum 0 kr í heild á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára en framkvæmdum hefur seinkað.

Stofnkostnaður gatna:

19. Fjárfestingarheimild vegna vinnu við Vesturlandsveg á Kjalarnesi verði lækkuð um 50 m.kr. og verði með breytingum samtals 20 m.kr. á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára en framkvæmdum hefur seinkað.

20. Fjárfestingarheimild vegna ýmissa framkvæmda með Vegagerðinni verði lækkuð um 50 m.kr. og verði með breytingum samtals 60 m.kr. á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára en framkvæmdum hefur seinkað.

21. Fjárfestingarheimild vegna Arnarbakka við Fálkaborg verði lækkuð um 5 m.kr. og verði með breytingum samtals 0 kr á árinu. Framkvæmdum lauk á árinu 2018.

22. Fjárfestingarheimild vegna gatnaframkvæmda við Bústaðaveg verði lækkuð um 160 m.kr. og verði með breytingum samtals 40 m.kr. á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára en framkvæmdum hefur seinkað vegna framkvæmda Veitna við endurnýjun stofnlagna um fyrirhugaðan byggingarreit.

23. Ráðstafað verði 20 m.kr. til frágangsverkefna í Úlfarsárdal til viðbótar þeim 200 m.kr. sem eru á áætlun og verði með breytingum 220 m.kr. í heild á árinu. Er það til samræmis við þróun uppbyggingar hverfisins.

24. Ráðstafað verði 165 m.kr. til gatnagerðar að Esjumelum til viðbótar við þær 85 m.kr. sem eru á áætlun og verði með breytingum 250 m.kr. í heild á árinu. Áform eru um að auglýsa atvinnulóðir á svæðinu til sölu.

25. Ráðstafað verði 30 m.kr. til gatnagerðar við nýtt íbúðahverfi að Leirtjörn í Úlfarsárdal til viðbótar þeim 250 m.kr. sem eru áætlunar og verði með breytingum 280 m.kr. í heild á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára.

26. Ráðstafað verði 137 m.kr. til gatnagerðar við Landspítala til viðbótar þeim 113 m.kr. sem eru áætlunar og verði með breytingum 250 m.kr. í heild á árinu. Tekur það mið af samningi Reykjavíkurborgar og NLSH ohf. vegna framkvæmda við stígagerð og undirgöng.

27. Ráðstafað verði 80 m.kr. til gatnagerðar við stúdenta- og vísindagarða HÍ til viðbótar þeim 50 m.kr. sem eru áætlunar og verði með breytingum 130 m.kr. í heild á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára í því skyni að fylgja eftir uppbyggingu á reit Grósku og stúdentagarða.

28. Fjárfestingarheimild vegna gatnagerðar við Vesturbugt verði lækkuð um 40 m.kr. og verði með breytingum 10 m.kr. í heild á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára þar sem framkvæmdum hefur seinkað.

29. Ráðstafað verði 50 m.kr. til gatnagerðar við Hlíðarenda til viðbótar þeim 255 m.kr. sem eru áætlunar og verði með breytingum 305 m.kr. í heild á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára en hækkunina má rekja til meiri hraða í uppbyggingu en gert hafði verið ráð fyrir.
30. Ráðstafað verði 50 m.kr. til gatnagerðar í Vogabyggð við Elliðavog til viðbótar þeim 250 m.kr. sem eru áætlunar og verði með breytingum 300 m.kr. í heild á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára vegna aukinna framkvæmda til samræmis við uppbyggingu á lóðum.
31. Fjárfestingarheimild vegna gatnagerðar á Ártúnshöfða verði lækkuð um 50 m.kr. og verði með breytingum 50 m.kr. í heild á árinu. Ekki er um breytingu á kostnaðaráætlun að ræða heldur tilfærslu milli ára vegna seinkunar framkvæmda.
32. Fjárfestingarheimild vegna gatnagerðar að Kirkjusandi verði lækkuð um 55 m.kr. og verði með breytingum 50 m.kr. í heild á árinu. Ekki er um breytingu á kostnaðaráætlun að ræða heldur tilfærslu milli ára vegna seinkunar framkvæmda.
33. Ráðstafað verði 140 m.kr. til gatnagerðar í Gufunesi á svæði gömlu Áburðarverksmiðjunnar til viðbótar þeim 160 m.kr. sem eru áætlunar og verði með breytingum 300 m.kr. í heild á árinu. Um er að ræða tilfærslu milli ára vegna aukinna framkvæmda til samræmis við áform um uppbyggingu á svæðinu og til að fylgja eftir lóðasölu.
34. Fjárfestingarheimild vegna gatnagerðar í Skerjafirði verði lækkuð um 30 m.kr. og verði með breytingum 50 m.kr. í heild á árinu. Ekki er um breytingu á kostnaðaráætlun að ræða heldur tilfærslu milli ára vegna seinkunar skipulagsferlis og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.
35. Ráðstafað verði 130 m.kr. til gatnagerðar við Hlíðarfót til viðbótar þeim 100 m.kr. sem eru á áætlun og verði með breytingum 230 m.kr. í heild á árinu. Verkið er hluti af heildaruppbyggingu Hlíðarendasvæðisins þar sem uppbygging hefur verið hraðari en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun.
36. Ráðstafað verði 20 m.kr. vegna endurgerðar Hverfisgötu til viðbótar þeim 180 m.kr. sem eru á áætlun og verði með breytingum 200 m.kr. í heild á árinu. Kostnaður reynist meiri en áætlað hafði verið.
37. Fjárfestingarheimild vegna endurgerðar Tryggvagötu milli Pósthússtrætis og Nausta verði lækkuð um 120 m.kr. og verði með breytingum 30 m.kr. í heild á árinu. Um er að tilfærslu milli ára vegna seinkunar á framkvæmd en hönnun verði lokið á árinu 2019.
38. Ráðstafað verði 30 m.kr. til endurgerðar Týsgötu til viðbótar þeim 150 m.kr. sem eru á áætlun og verði með breytingum 180 m.kr. í heild á árinu. Hækkunina má rekja til aukins umfangs lagnavinnu auk meiri fornleifa á svæðinu en talið var.
39. Ráðstafað verði 10 m.kr. til að ljúka megi frágangs opins svæðis við Síðumúla til viðbótar þeim 45 m.kr. sem eru á áætlun og verði með breytingum 55 m.kr. í heild á

árinu. Hækkunina má rekja til aukins magn framkvæmda s.s. vinnu við að fjarlægja klöpp.

40. Fjárfestingarheimild vegna Götulýsingar – LED væðing verði lækkuð um 80 m.kr. og verði með breytingum 300 m.kr. í heild á árinu í stað 380 m.kr.. Um er að ræða tilfærslu milli ára þar sem framkvæmdum hefur seinkað.
41. Fjárfestingarheimild vegna hljóðvarna skv. aðgerðaáætlun verði lækkuð um 35 m.kr. og verði með breytingum 65 m.kr. í heild á árinu í stað 100 m.kr.. Um er að ræða tilfærslu milli ára þar sem framkvæmdum hefur seinkað.
42. Fjárfestingarheimild vegna umhverfisframkvæmda við Kambsveg verði lækkuð um 30 m.kr. og verði með breytingum 10 m.kr. í heild á árinu í stað 40 m.kr.. Um er að ræða tilfærslu milli ára. Unnið er að hönnun verksins en framkvæmdum verði frestað til ársins 2020.

Áhöld, tæki og búnaður:

43. Fjárfestingarheimild vegna kaupa á bifreiðum verði lækkuð um 52 m.kr. og verði með breytingum 47 m.kr. í heild á árinu í stað 99 m.kr.. Um er að ræða tilfærslu milli ára þar sem fyrirsjálegt er að útboðum seinkar.

Framangreindar breytingar hafa eftirfarandi áhrif á einstaka kostnaðarstaði fjárfestingaráætlunar:

	kostn. staður	Endurskoðuð áætlun 2019	breytingar	Endurskoðuð áætlun 2019 með breytingum
Menningar- og ferðamálasvið	1103	1.483.910	(345.000)	1.138.910
Skóla- og frístundasvið	1104	3.375.000	210.000	3.585.000
Íþrótta- og tómstundasvið	1105	3.004.160	105.000	3.109.160
Velferðarsvið	1107	1.052.400		1.052.400
Ýmsar fasteignir	1108	1.102.000	(40.000)	1.062.000
Bílastæðasjóður	1112	89.000	(35.000)	54.000
Stofnkostnaður fasteigna samtals		10.106.470	(105.000)	10.001.470
Þjóðvegir, hluti Reykjavíkur og aðrar umferðargötur	3102	600.000	(265.000)	335.000
Nýbyggingahverfi	3104	2.258.000	627.000	2.885.000
Miðborgin	3105	1.215.000	(70.000)	1.145.000
Umhverfis og aðgengismál	3106	1.465.000	(70.000)	1.395.000
Umferðaröryggismál	3107	150.000		150.000
Umhverfissvið - ýmsar framkvæmdir	3108	2.155.000	(65.000)	2.090.000
Stofnkostnaður gatna samtals		7.843.000	157.000	8.000.000
Fjárfesting áhöld, tæki	2101	1.344.000	(52.000)	1.292.000
Fjárfesting áhöld, tæki, Bílastæðasjóðs	2112	75.000		75.000
Lóðir og lönd	4101	76.500		76.500
Endurbætur og meiriháttar viðhald og sérstök átaksverf	7101	725.000		725.000
Aðrar fjárfestingar samtals		2.220.500	(52.000)	2.168.500
Samtals fjárfesting		20.169.970		20.169.970

Stofnkostnaður fasteigna- sundurliðun pr. kostnaðarstað og nr. tillögu

Tillaga nr.		Endurskoðuð áætlun 2019	breytingar	Endurskoðuð áætlun 2019 með breytingum
Menningar- og ferðamálasvið				
Kostnaðarstaður 1103				
1	Kjarvalsstaðir, endurnýjun snyrtinga	20.000	-20.000	0
	Aðalstræti 10 - landnámssýning	120.000		120.000
2	Aðalstræti 10 - aðgengi fyrir alla	35.000	35.000	70.000
	Borgarleikhús, búnaður o.fl.	60.110		60.110
	Borgarleikhús, endurnýjun snyrtinga	70.000		70.000
	Árbæjarsafn - geymslur	114.800		114.800
3	Ásmundarsafn, salernis og starfsmannaaðstaða	35.000	-35.000	0
	Gerðuberg 3	4.000		4.000
4	Grófarhús	525.000	-325.000	200.000
	Menningarmiðstöð Úlfarsárdal	500.000		500.000
Samtals Menningar- og ferðamálasvið		1.483.910	-345.000	1.138.910
Skóla- og frístundasvið				
Kostnaðarstaður 1104 grunnskólar og 1106 leikskólar				
5	Austurbæjarskóli, spennistöð	13.000	7.000	20.000
6	Endurbygging skólalóða	200.000	20.000	220.000
	Safnliður - m.a. öryggis- og aðgengismál	30.000		30.000
	Leik- og grunnskóli, Úlfarsbraut	967.000		967.000
	Vesturbæjarskóli, viðbygging	165.000		165.000
	Klettaskóli, viðbygging og breytingar	100.000		100.000
	Fossvogsskóli	330.000		330.000
	Breiðholtsskóli	70.000		70.000
7	Fellaskóli	0	100.000	100.000
8	Seljaskóli	0	100.000	100.000
9	Framhaldsskólar - hlutur Reykjavíkurborgar	0	28.000	28.000
	Endurnýjun mötuneyta í grunnskólum	50.000		50.000
	Færanlegar stofur	50.000		50.000
10	Nýjir grunnskólar. vogabyggð, Skerjafjörður	90.000	-40.000	50.000
Samtals grunnskólar		2.065.000	215.000	2.280.000
11	Endurgerð leikskólalóða	300.000	-20.000	280.000
	Suðurborg	10.000		10.000
	Seljakot, stækkun lóðar	35.000		35.000
12	Mánagarður	0	15.000	15.000
	Nýjar leikskóladeildir	885.000		885.000
	Safnliður - m.a. v/öryggismála	30.000		30.000
	Endurnýjun mötuneyta í leikskólum	50.000		50.000
Samtals leikskólar		1.310.000	-5.000	1.305.000
Samtals Skóla- og frístundasvið		3.375.000	210.000	3.585.000

Íþróttá- og tómsundasvið

Kostnaðarstaður 1105

13	Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Laugardal Sundhöll	240.000	-100.000	140.000
	Skíðasvæði Bláfjöllum og Skálfelli	65.000		65.000
	Tjaldsvæði í Laugardal	409.160		409.160
14	Íþróttamiðstöð Fylkis Árbæjarhverfi	20.000		20.000
	Úlfarsárdalur, íþróttasvæði	0	100.000	100.000
	Endurnýjun áhalda og tækja	25.000		25.000
15	Víkingur, grassvæði	20.000		20.000
	Laugardalur - Þróttur - flóðlýsing - grindur og lampar	215.000	105.000	320.000
	Austurberg - Leiknir - flóðlýsing grindur og lampar	30.000		30.000
	Laugardalshöll	30.000		30.000
		50.000		50.000
		0		
	Íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal	600.000		600.000
	Íþróttamannvirki ÍR í Mjódd	1.000.000		1.000.000
	Frjálsíþróttavöllur Mjódd	200.000		200.000
	Íþróttasvæði ÍR í Mjódd	100.000		100.000

Samtals Íþrótt- og tómstundasvið	3.004.160	105.000	3.109.160
---	------------------	----------------	------------------

Velferðarsvið

Kostnaðarstaður 1107

	Hjúkrunarheimili við Sléttuveg	223.400		223.400
	Lindargata 48, gistiskýli	65.000		65.000
16	Smáhýsi	446.000		446.000
	Fjölgun hjúkrunarrýma	50.000		50.000
18	Framtíðarverkefni v/skammtíma- og dagvistunar	268.000		268.000

Samtals Velferðarsvið	1.052.400	0	1.052.400
------------------------------	------------------	----------	------------------

Ýmsar fasteignir

Kostnaðarstaður 1108

	Tjarnargata 12	10.000		10.000
	Ráðhús	55.000		55.000
16	Hverfisbækistöðvar Jafnaseli og Stórhöfða	65.000	-60.000	5.000
	Hverfisbækistöð Örfirisey	322.000		322.000
17	Hestháls 14	198.000	20.000	218.000
	Álfabakki 10	30.000		30.000
	Grandagarður 1a	115.000		115.000
	Borgartún 6	70.000		70.000
	Hringbraut 79	237.000		237.000

Samtals Ýmsar fasteignir	1.102.000	-40.000	1.062.000
---------------------------------	------------------	----------------	------------------

Bílastæðasjóður

Kostnaðarstaður 1112

18	Bílakjallari Vesturbugt	35.000	-35.000	0
	Bílakjallari Austurbakka 2	54.000		54.000

Samtals Bílastæðasjóður	89.000	-35.000	54.000
--------------------------------	---------------	----------------	---------------

Stofnkostnaður gatna- sundurliðun pr. kostnaðarstað og nr. tillögu

Tillaga nr.

Þjóðvegir, hluti Reykjavíkur og aðrar umferðargötur

Kostnaðarstaður 3102

	Miðlæg umferðarstýring	30.000		30.000
	Ýmsar framkvæmdir, hönnun næstu áfanga	5.000		5.000
19	Vesturlandsvegur á Kjalarnesi, deiliskipulag	70.000	-50.000	20.000
20	Ýmsar framkvæmdir með Vegagerðinni	110.000	-50.000	60.000
	Strætó forgangur og úrbætur	50.000		50.000
	Geirsgata-Lækjargata	50.000		50.000
	Lauglækur, grenndarstöð og torg	40.000		40.000
21	Arnarbakki	5.000	-5.000	0
	Grensásvegur	10.000		10.000
	Brú yfir Fossvog	30.000		30.000
22	Bústaðavegur	200.000	-160.000	40.000
		0		0

Nýbyggingahverfi

Kostnaðarstaður 3104

	Gönguleiðir, ræktun og frágangur	30.000		30.000
	Norðlingaholt	35.000		35.000
23	Úlfarsárdalur	200.000	20.000	220.000
	Þétting byggðar	115.000		115.000
	Hádegismóar	10.000		10.000
	Almannadalur, hesthúsahverfi	40.000		40.000
	Hallar, Lambhagavegur	10.000		10.000
	Sléttuvegur	40.000		40.000
	Reynisvatnsás/Grafarholt	35.000		35.000
24	Esjumelar	85.000	165.000	250.000
25	Úlfarsárdalur - við Leirtjörn	250.000	30.000	280.000
26	Landspítali	113.000	137.000	250.000
27	Stúdenta- og Vísindagarðar HÍ	50.000	80.000	130.000
28	Mýrargata / Slippasvæði - Vesturbugt	50.000	-40.000	10.000
29	Hlíðarendi	255.000	50.000	305.000
30	Vogabyggð - Elliðavogur, Blönduð byggð	250.000	50.000	300.000
	Vatnsmýri, Blönduð byggð	20.000		20.000
31	Ártúnshöfði, Blönduð byggð	100.000	-50.000	50.000
32	Kirkjusandur	105.000	-55.000	50.000
	RÚV reitur	75.000		75.000
33	Gufunes, Áburðarverksmiðja	160.000	140.000	300.000
	Vigdísarlundur	10.000		10.000
34	Skerjafjörður	80.000	-30.000	50.000
	Árskógar - gönguþverun Álfabakki/Skógarsel	20.000		20.000
	Bryggjuhverfi stækkun IV	20.000		20.000
35	Hlíðarfótur	100.000	130.000	230.000
	Samtals nýbyggingarhverfi	2.258.000	627.000	2.885.000

Miðborgin

	Kostnaðarstaður 3105			
36	Hverfisgata, endurgerð	180.000	20.000	200.000
	Þingholt, torg	150.000		150.000

	Laugavegur, endurbætur	20.000		20.000
	Frakkastígur, endurgerð	170.000		170.000
	Hlemmur torg	40.000		40.000
37	Tryggvagata, endurgerð (Pósthússtr að Lækjarg)	150.000	-120.000	30.000
	Lækjargata, endurgerð	10.000		10.000
	Norðurstígur / Nýlendugata	20.000		20.000
38	Týsgata endurgerð	150.000	30.000	180.000
	Hafnartorg	50.000		50.000
	Austurbakki, bryggjugata og frágangur	150.000		150.000
	Steinbryggja, Austurhöfn	60.000		60.000
	Vita- og útsýnispallur við Sæbraut	15.000		15.000
	Miðbakki	50.000		50.000
	Samtals miðborgin	1.215.000	-70.000	1.145.000

Umhverfis- og aðgengismál

Kostnaðarstaður 3106

	Gangbrautarljós	20.000		20.000
	Gönguleiðir í eldri hverfum, endurnýjun, upphitun	200.000		200.000
	Reiðstígar	5.000		5.000
	Ýmsar framkvæmdir	25.000		25.000
	Göngu- og hjólastígar. Hjólreiðaáætlun o.fl.	450.000		450.000
	Hjólastandar, hjólaskýli, hjólavísar	30.000		30.000
	Hofsvallagata	10.000		10.000
	Strætóskýli, endurnýjun	50.000		50.000
	Ruslastampar	10.000		10.000
	Brautarholtsstígur Kjalarnesi	110.000		110.000
	Snorrabraut	10.000		10.000
39	Síðumúli, opið svæði	45.000	10.000	55.000
40	Götulýsing - LED væðing	380.000	-80.000	300.000
	Hleðslustöðvar	50.000		50.000
	Lífræðileg fjölbreytni, endurheimting votlendis	30.000		30.000
	Vatnspóstar	20.000		20.000
	Endurnýjun götutrjáa	20.000		20.000
	Samtals umhverfis- og aðgengismál	1.465.000	-70.000	1.395.000

Umferðaröryggismál

Kostnaðarstaður 3107

	Umferðaröryggisáætlun	150.000		150.000
	Samtals umferðaröryggismál	150.000	0	150.000

Umhverfissvið - Ýmsar framkvæmdir

Kostnaðarstaður 3108

	Götulýsing, endurnýjun	150.000		150.000
	Umferðarljós	70.000		70.000
	Umferðaskiltun, merkingar	20.000		20.000
	Malbik, yfirlög og endurgerð	1.220.000		1.220.000
	Sorpílát	20.000		20.000
	Grenndarstöðvar	40.000		40.000
41	Hljóðvarnir skv. aðgerðaráætl.	100.000	-35.000	65.000
	Grasagarður	20.000		20.000
	Klambratún	15.000		15.000
	Önnur svæði, leiksvæðastefna	45.000		45.000
	Undirbúningur vegna verkefna næsta árs	25.000		25.000

	Snjallborgarlausnir	50.000		50.000
	Gufunes, heildarsvæði	30.000		30.000
	Kjalarnes útivist	20.000		20.000
	Arnarbakki	20.000		20.000
	Völvufell	20.000		20.000
42	Kamsvegur	40.000	-30.000	10.000
	Borgarlínan - samgönguás	200.000		200.000
	Mjódd, endurnýjun útisvæðis	50.000		50.000
	Samtals ýmsar framkvæmdir	2.155.000	-65.000	2.090.000

**Stofnkostnaður annarra fjárfestinga - sundurliðun pr. kostnaðarstað og nr. tillögu
Tillaga nr.**

Áhöld, tæki og hugbúnaður

Kostnaðarstaður 2101

	Rafrænt þjónustuver	160.000		160.000
	Hugbúnaður UTM	500.000		500.000
	Borgartún 12-14	20.000		20.000
43	Kaup á bifreiðum	99.000	-52.000	47.000
	Tölvubúnaður í grunnskólum	66.000		66.000
	Kaup á ýmsum tækjum	74.000		74.000
	Endurnýjun tölvubúnaðar	425.000		425.000
	Samtals áhöld, tæki og hugbúnaður	1.344.000	-52.000	1.292.000

Áhöld og tæki bílastæðasjóðs

Kostnaðarstaður 2112

	Miðamælar	75.000		75.000
	Samtals áhöld, tæki og hugbúnaður	75.000	0	75.000

Lóðir, lönd og skipulagseignir

Kostnaðarstaður 4101 og 4102

	Samgöngumiðstöð	20.000		20.000
	Ný byggingasvæði, þróun og uppbygging	31.500		31.500
	Kirkjugarður Úlfarsfelli	25.000		25.000
	Samtals lóðir, lönd og skipulagseignir	76.500	0	76.500

Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni

Kostnaðarstaður 7101 og 7102

	Endurbætur og meirih. viðhald fasteigna 7101	200.000		200.000
	Leikvellir, torg og opin svæði 7102	75.000		75.000
	Betri hverfi "Hverfapottar" 7102	450.000		450.000
	Samtals endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni	725.000	0	725.000

Samantekið nemi hækkun á heimildum til fjárfestinga 1.392 m.kr.. Á móti nemi samanteknar lækkanir fjárfestinga 1.392 m.kr.. Nettó hækkun fjárfestingarheimildar nemur því samtals 0 kr.

Greinargerð:

Tillagan hefur ekki áhrif á sjóðsstreymi Eignasjóðs, A-hluta og Samstæðu Reykjavíkurborgar.

Tillagan felur í sér breytingu á fjárhagsáætlun sem þarfnast staðfestingar borgarstjórnar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt

Minnisblað borgarlögmans vegna viðbyggingar við Menntaskólann við Sund, dags. 23. júní 2019.



Til sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 23. júní 2019

Efni: Minnisblað borgarlögmanns um málaferli vegna viðbyggingar við Menntaskólann við Sund og mögulegan kostnað vegna þeirra.

Reykjavíkurborg og mennta- og menningarmálaráðuneyti, hér eftir verkkaupar, gerðu í febrúar 2012 samning við Framkvæmdasýslu ríkisins um frumathugun og umsjón með áætlunargerð og verklegri framkvæmd við byggingar við Menntaskólann við Sund. Með samningnum var Framkvæmdasýslunni falin umsjón með verkefninu fyrir hönd verkkaupa. Með samningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, sem undirritaður var 7. október 2013, var ákveðið að skipting kostnaðar vegna verkefnisins skyldi vera þannig að ríkissjóður greiðir 60% og Reykjavíkurborg greiðir 40%. Verkinu er enn ekki lokið. Tvö dómsmál eru í gangi vegna verksins og ljóst að kostnaður vegna þeirra mun falla á Reykjavíkurborg í hlutfalli og samræmi við framangreindar samningsskuldbindingar. Bæði dómsmálin eru afar umfangsmikil og taka þar af leiðandi mikinn tíma í undirbúningi og meðferð allri. Í málunum hafa auk þess verið dómkvaddir þrír matsmenn til þess að leggja mat á ýmis álitaefni eins og umfang galla og aukaverka.

Forsaga málsins er sú að í janúar árið 2014 var bygging viðbyggingar við Menntaskólann við Sund boðin út af Framkvæmdasýslu ríkisins, hér eftir skammstafað FSR. Tilboð vegna útboðsins voru opnuð 11. mars 2014 og átti Jáverk ehf., hér eftir verktaki, lægsta tilboð í verkið. Tilboðinu var formlega tekið 14. apríl 2014. Samkvæmt samningi aðila átti framkvæmdatími að hefjast strax og tilboði væri formlega tekið og átti verkinu að vera lokið eigi síðar en 30. júní 2015. Á verktíma risu margvíslegar deilur milli aðila um verkið og framkvæmd þess. Þessar deilur ágerðust eftir því sem leið á verkið. Verkið var ekki klárað þann 30. júní 2015 svo sem samningurinn kvað á um. Engu að síður var byggingin að hluta til tekin í notkun 25. ágúst 2015 þrátt fyrir að vera ólokið og að fullu tekin í notkun 1. janúar 2016 þrátt fyrir að verkið væri þá langt frá því að vera fullbúið. Nauðsynlegt reyndist að taka bygginguna í notkun á þessum tíma, þrátt fyrir aðfinnslur verkkaupa, vegna þarfa Menntaskólans við Sund til að hefja skólastarf í húsnæðinu.

Fljótlega eftir að byggingin var tekin í notkun fóru að koma í ljós lekar, sprungur í gólfi, steypuskemmdir og ýmsir frekari gallar á eiginleikum verksins samkvæmt verksamningnum sem verkkaupar gátu ekki unað við. FSR hefur frá þeim tíma, og að einhverju leyti frá því fyrr á verktímanum, átt í ítarlegum og tíðum samskiptum við verktakann um úrbætur á verkinu. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu FSR til þess að fá verktakann til þess að bæta úr þeim göllum sem eru á verkinu hefur hann ekki fallist á að gera það. Auk þess að deila um galla á verkinu hafa aðilar deilt um réttar efndir samningsins og aukaverk.

Frá því snemma árs 2016 hafa átt sér stað sáttaumleitarnir á milli aðila þar sem stefnt var að uppgjöri á kröfum milli þeirra. Þessar umleitarnir aðila til að sætta málið hafa engan árangur borið. Verkkaupar lögðu því fram matsbeiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur þann 15. febrúar 2018 í máli nr. M-21/2018. Þann 11. maí 2018 var Hjalti Sigmundsson, húsasmíðameistari og byggingartækni-fræðingur skipaður matsmaður í málinu. Í sama þinghaldi var lagður fram viðauki við matsbeiðni í málinu þar sem frekari leka hafði orðið vart í Menntaskólanum við Sund. Þann 7. september 2018 voru svo með tölvupósti lagðar frekari spurningar fyrir matsmann til viðbótar þeim fyrri í kjölfar þess að frekari leka varð vart í byggingunni.

Þann 21. júní 2018 höfðaði verktaki mál gegn verkkaupum til greiðslu vangoldinna verklauna sem verktaki telur sig eiga á hendur verkkaupum vegna framkvæmdar verksins (mál nr. E-2076/2018). Kröfufjárhæð í málinu er 196.330.991 kr. auk dráttarvaxta að frádregnum innborgunum að fjárhæð 61.673.691 kr. Báðir aðilar hafa lagt fram matsbeiðnir í því máli.

Í mars 2019 voru verkkaupar tilneyddir að höfða sérstakt dómsmál á hendur verktaka. Kröfur verkkaupa í því dómsmáli lúta í fyrsta lagi að greiðslu tafabóta, í öðru lagi að greiðslu skaðabóta vegna galla þar sem verkið uppfyllir ekki kröfur verksamnings og í þriðja lagi að greiðslu nánar tilgreindra krafna verkkaupa á hendur verktaka vegna kaupa á svokölluðum stinkskápum, kaupa á glereiningum, notkun á rafmagni og vatni meðan á verktíma stóð og skaðabóta vegna kostnaðar við úrbætur sem þegar hafa verið unnar á verkinu og kostnaðar sem hlaust af hinu gallaða verki eftir að því var skilað til verkkaupa. Málið var þingfest 14. mars 2019 og er fjárfrafa verkkaupa (stefnendur) vegna tafabóta að fjárhæð kr. 49.484.448,- auk skaðabóta vegna galla en fjárhæð vegna tilvitnaðra skaðabótakrafna er enn óljós þar sem yfirmat í máli M-21/2018 þarf mögulega að fara fram.

Ljóst er að erfitt er að meta endanlega fjárhagslega niðurstöðu framangreindra dómsmála að svo stöddu, en þrátt fyrir það liggur fyrir framangreind samningsbundin skylda Reykjavíkurborgar til þess að greiða 40% þess kostnaðar sem til fellur á verkkaupa á meðan á málaferlunum stendur. Fyrir liggur því að á meðan málin eru rekin fyrir dómstólum þarf að afla fjárheimildar vegna þess kostnaðar við matsvinnu og lögmannsþjónustu sem þegar er áfallinn og fyrirséður.



Ebba Schram